

Kristín Þorleifsdóttir
Skipulags- og umhverfisfulltrúi
Ráðhúsið, Hafnargötu 3
340 Stykkishólmur

Garðabær, 25. janúar 2024
Málsnúmer: 202401-0067
IAS

Efni: Umsögn um umsókn um byggingarleyfi fyrir þrjú frístundahús í landi Helgafells.

Vísað er í tölvubréf frá skipulags- og umhverfisfulltrúa Stykkishólmsbæjar, frá 16. janúar 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn um byggingarleyfi fyrir þrjú frístundahús í landi Helgafells.

Helgafell og nánasta umhverfis þess er á náttúruminjaskrá, nr. 229, og um það segir: (1) Fellið og nánasta umhverfi. (2) Sérkennileg klettaborg, stuðluð gosrásarfylling. Fagurt útsýni og fjölbreyttur gróður í hlíðum. Söguhelgi.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér gögn málsins og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Svæði 229, eins og það er teiknað í núverandi náttúruminjaskrá, er með frekar óljós mörk og í kortasjám ná þau meðal annars yfir hluta bæjarhúsanna við Helgafell.

Nú stendur yfir endurskoðun á C-hluta náttúruminjaskrár og ef Helgafell verður enn inni eftir þá endurskoðun má a.m.k. gera ráð fyrir að mörkum svæðisins verði breytt.

Fyrirhuguð frístundahús eru á túni, sunnan vegarins að Helgafelli og því ekki á svæði með hátt náttúruverndargildi. Þau munu hins vegar sjást vel frá Helgafelli og því er mikilvægt að við hönnun verði þess gætt að fyrirhugaðar byggingar falli vel að svipmóti lands.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

